

Í. Guðmundssyni voru falin í nefndum úrskurði, og að Eggert Þorsteinssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Emil Jónssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 31. ágúst 1965.

Bjarni Benediktsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 88.

10. september 1965.

BRÉF

handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1965 skuli koma saman til fundar föstudaginn 8. október 1965.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Þórður Eyjólfsson.

Bjarni Benediktsson.

Nr. 89.

21. september 1965.

AUGLÝSING

um frestun gildistöku auglýsingar nr. 82 frá 3. september 1965
varðandi samvinnu milli Norðurlandanna um útlendingaeftirlit.

Gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 45 12. maí 1965, um eftirlit með útlendingum, er ákveðið var með ofangreindri auglýsingu að kæmu til framkvæmdar gagnvart hinum Norðurlöndunum 1. október 1965, er hér með frestað til 1. janúar 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás I. Eliasson.